



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

# ÁRSSKÝRSLA

## 2002-2003

LÖGB FRAM Á VIÐSKIPTAPINGI - AÐALFUNDI  
11. FEBRÚAR 2004





VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

# ÁRSSKÝRSLA

## 2002-2003

LÖGB FRAM Á VIÐSKIPTAPINGI - AÐALFUNDI  
11. FEBRÚAR 2004





## Efnisyfirlit

	bls.
Ávarp formanns Verslunarráðs Íslands .....	5
Aðalfundur og Viðskiptaþing 2002 .....	6
Viðskiptaþing 2003 .....	7
Störf stjórnar 2002–2004 .....	8
Störf framkvæmdastjórnar 2002–2004 .....	9
Starfsemi á skrifstofu .....	10
Málefnaþing Verslunarráðs Íslands .....	12
Morgunverðarfundir og aðrir sérstakir fundir .....	12
Alþjóðasvið .....	14
Verzlunarskóli Íslands .....	19
Háskólinn í Reykjavík .....	20
Ársreikningar Verslunarráðs Íslands .....	22

# **Verzlunarráð Íslands Stofnað 1917**

*Verzlunarráð Íslands var stofnað 17. september 1917 sem samtök verslunar, iðnaðar og siglinga.*

*Verzlunarráðið beitir sér óskipt fyrir hagsmunum allra þeirra sem stunda viðskipti og er eitt öflugasta tæki viðskiptalífsins í baráttunni fyrir úrbótum á almennu rekstrarumhverfi fyrirtækja og bættum starfsskilyrðum. Verzlunarráðið leggur megináherslu á jafnræði, frjálssa samkeppni og heilbrigða viðskiptahætti.*

*Verzlunarráðið er hlekkur í keðju 11.000 verslunarráða um heim allan og hefur einstaka aðstöðu á sviði alþjóðamála.*

*Verzlunarráðið er málsvari fyrirtækja og einstaklinga gagnvart hinu opinbera, löggjafanum og stjórnvöldum, og í því hlutverki kemur það m.a. fram sem umsagnaradili um lagasetningu á sviði efnahags- og viðskiptamála. Jafnframt hefur ráðið frumkvæði að margvíslegum lagabótum og þjóðþrifamálum.*

Ársskýrsla VÍ 2002–2003

Gefin út af Verzlunarráði Íslands og lögð fram á aðalfundi 11. febrúar 2004

Umsjón: Sigríður Ásthildur Andersen og Kristín Pétursdóttir

Ljósmyndir: Arnaldur ljósmyndari o.fl.

Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf.

## Minni ríkisumsvif margfalda tækifærin

Það er við hæfi nú þegar við fögnum hundrað ára afmæli heima-  
stjórnar á Íslandi að minnast sérstaklega þess gífurlega árangurs  
sem náðst hefur við að færa fátaekt samfélag á norðurhjara heims í  
hóp með ríkustu þjóðum. Þótt án efa megi rekja þær umbætur, sem hafa  
orðið til þess að skapa hér þá hagsæld sem við þekkjum, heila öld aftur í  
tímenn þá hlýtur síðasti áratugur að standa upp úr hvað þetta snertir. Á  
þeim tíma hefur atvinnulífið orðið vitni að breytingum sem flestar hafa  
verið kærkomnar og orðið til þess að efla það og styrkja. Íslendingar hafa  
í auknum mæli tekið virkari þátt í viðskiptalífínu með tilkomu almenns  
hlutabréfamarkaðar, sem hefur gert fyrirtækjum kleift að vaxa með hraða  
sem aldrei fyrr hefur verið mögulegur hér á landi.

Starfstímabil stjórnar Verslunarráðs sem nú lýkur störfum hefur verið  
ánægjulegt. Í störfum ráðsins hefur gætt áherslubreytinga í kjölfar þess að  
nokkur baráttumál ráðsins hafa náð fram að ganga. Einkavæðing hefur  
lengi verið eitt helsta baráttumál Verslunarráðs Íslands, en mikill árangur  
náðist með sölu ríkisbankanna. Önnur mál sem ráðið hefur talið til megin-  
verkefna sinna eru skattamál, reglur á fjármagnsmarkaði, samkeppnismál  
og eftirlitsiðnaður. Þótt augljósum verkefnum einkavæðingar hafi nú  
fækkað með sölu margra stóru ríkisfyrirtækjanna er mikilvægt að halda  
áfram og er sölu Landssímans beðið með óþreyju. Ríkið þarf einnig að  
draga sig út úr samkeppnisrekstri margvíslegrar þjónustu sem það stundar.

Efling atvinnulífsins hefur að mati Verslunarráðs kallað á umræðu um  
stjórnarhætti fyrirtækja og á síðasta ári hratt ráðið af stað vinnu með það  
að markmiði að leggja fram leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.  
Hópur manna hefur í þessum tilgangi komið saman síðan á haustdögum  
2003 og er stefnt að því að störfum hópsins ljúki innan skamms. Þannig  
hefur Verslunarráð verið leiðandi í hinni eðlilegu umræðu um starfshætti  
fyrirtækja á Íslandi.

Með yfirskrift Viðskiptaþings í ár er ætlunin að vekja athygli á vaxandi  
ríkisútgjöldum og minna um leið á að ríkið getur leitað í smiðju atvinnu-  
lífsins um nýjar hugmyndir til að auka hagræðingu. Ríkið á að ekki að vera  
með umsvifamikinn rekstur þar sem samkeppni getur notið sín. Í skýrslu  
til Viðskiptaþings er fjallað um einkarekstur í mennta- og heilbrigðis-  
málum og markaðsvæðingu í orkumálum. Í þessum greinum er ríkið í að-  
alhlutverki þó einstaklingar hafi bæði áhuga á að koma að málaflökkunum  
í ríkari mæli og starfsemin sé þess eðlis að hún henti vel til samkeppni.  
Verslunarráðið telur að minni ríkisumsvif á þessum sviðum margfalda  
tækifæri þjóðarinnar.

Ég læt nú af formennsku í Verslunarráði eftir fjögurra ára tímabil. Ég vil  
þakka samstarfsfólki mínu í stjórn og á skrifstofu ráðsins ánægjuleg sam-  
skipti. Um leið og ég óska nýjum formanni velfarnaðar í starfi vona ég að  
Verslunarráðið eigi eftir að halda áfram að styrkja íslenskt atvinnulíf eins  
og það hefur gert frá upphafi, nú í 85 ár, þjóðinni til heilla.

Bogi Pálsson, formaður  
Verslunarráðs Íslands



## Aðalfundur og viðskiptaþing 2002

Viðskiptaþing og 70. aðalfundur Verslunarráðs Íslands var haldinn 12. febrúar 2002 á Grand hóteli í Reykjavík. Rúmlega 200 manns sóttu þingið og aðalfundinn. Yfirskrift þingsins var *Betur má ef duga skal* og var með henni vísað til þeirrar hagræðingar og framleiðni aukningu sem nauðsynlegt þótti að fá fram í íslensku viðskiptalífi.

### Hagræðing í rekstri

Í upphafi Viðskiptaþings gerði Bogi Pálsson formaður Verslunarráðs grein fyrir störfum og stefnu ráðsins á starfstíma stjórnarinnar. Hann kynnti einnig skýrslu ráðsins sem lögð var fram á þinginu og tók mið af yfirskrift þess. Í skýrslunni var bent á ýmsar fyrirsjáanlegar eða nauðsynlegar breytingar á starfsskilyrðum íslenskra fyrirtækja á næstu árum.

Aðrir ræðumenn á Viðskiptaþingi 2002 voru eftirtaldir:

Davíð Oddsson forsætisráðherra flutti erindi og fjallaði um efnahagsmál líðandi stundar. Árni Vilhjálmsson stjórnarformaður Granda hf. fjallaði m.a. um skattamál íslensks atvinnulífs. Halldór J. Kristjánsson bankastjóri Landsbanka Íslands fjallaði um íslenskan fjármála-markað. Kristinn Gylfi Jónsson framkvæmdastjóri Síldar og fisks ehf. fjallaði um stöðu búvöruframleiðslu á Íslandi. Að loknum framsögum gafst fundarmönnum kostur á að taka þátt í umræðum um efni fundarins.



Einar Benediktsson fundarstjóri, Bogi Pálsson formaður og Davíð Oddsson forsætisráðherra á Viðskiptaþingi 2002.

### Aðalfundarstörf

Að loknu Viðskiptaþingi fóru fram venjuleg aðalfundarstörf. Vilhjálmur Egilsson framkvæmdastjóri Verslunarráðs gerði grein fyrir skýrslu stjórnar og framkvæmdastjórnar og gerði einnig grein fyrir endurskoðuðum ársreikningum fyrir árin 2000 og 2001. Voru þeir samþykktir samhljóða. Hann lýsti svo starfs- og fjárhagsáætlunum fyrir næsta starfsár. Framkvæmdastjóri kynnti tillögu um árgjöld og var hún samþykkt.

### Kosning formanns og stjórnar

Í samræmi við lög Verslunarráðs fór fram skrifleg kosning til formanns og

stjórnar. Kosningin stóð yfir í tvær vikur og lauk degi fyrir aðalfund. Um 71% félagsmanna tók þátt í kosningunni sem er töluvert meiri þátttaka en árið 2000. Formaður Verslunarráðs, Bogi Pálsson framkvæmdastjóri P. Samúelssonar, var endurkjörinn með 88% atkvæða.

### Stjórn

Auk formanns er stjórn Verslunarráðs skipuð 18 mönnum. Eftirtaldir voru kjörnir fyrir tímabilið 2002–2004:

Hjörleifur Jakobsson Olufélaginu hf., Rannveig Rist ÍSAL hf., Ingimundur Sigurpálsson Eimskip hf., Bjarni Ármannsson Íslandsbanka hf., Jón Sigurðsson Össuri hf., Gunnar Örn Kristjánsson SÍF hf., Friðrik Sophusson Landsvirkjun, Þórunn Pálsdóttir Ístaki hf., Róbert Guðfinnsson Þormóði ramma – Sæberg hf., Þórólfur Árnason Tali hf., Hörður Arnarson Marel hf., Tryggvi Jónsson Baugi hf., Arngrímur Jóhannsson Flugfélaginu Atlanta ehf., Gunnar Þ. Andersen Landsbanka Íslands hf., Þorsteinn Már Baldvinsson Samherja hf., Benedikt Jóhannesson Talnakönnun hf., Þórður Guðmundsson Hátækni hf. og Ólafur Ólafsson Samskipum hf.

### Varastjórn

Þeir 19 sem næstir að atkvæðum koma í stjórnarkjöri verða varamenn og þeir voru eftirtaldir:



Þinggestir ræða saman í kaffihléi.



## Viðskiptaþing 2003

Elfar Aðalsteinsson Hraðfrystihúsi Eskifjarðar hf., Kristján Loftsson Hvali hf., Katrín Pétursdóttir Lýsi hf., Hrönn Greipisdóttir Radisson SAS Hótel Sögu, Sindri Sindrason Pharmaco hf., Halldór Vilhjálmsson Flugleiðum hf., Friðþjófur Ó. Johnson HÓP-Rekstarfélagi ÓJK og HT ehf., Margeir Pétursson MP-verðbréfum hf., Þórður Magnússon Gildingur hf., Frosti Bergsson Opnum kerfum hf., Hreggviður Jónsson Íslenska útvarpsfélaginu hf., Axel Gíslason VÍS hf., Kristinn Gylfi Jónsson Síld og fiski ehf., Róbert Wessman Delta hf., Halldór Jónsson Steypustöðinni ehf., Jón E. Friðriksson Fiskiðjunni Skagfirðingi hf., Þorvarður Gunnarsson Deloitte & Touche endurskoðun hf., Gunnlaugur M. Sigmundsson Kögum hf. og Guðmundur Ágúst Ingvarsson Ingvari Helgasyni hf.

### Kjörnefnd

Í kjörnefnd vegna aðalfundar 2004 voru kosnir eftirtaldir: Haraldur Haraldsson Andra ehf. Jón L. Arnalds Faktor einkaleyfisskrifstofu ehf., Karl Ragnars Skráningarstofunni hf., Kristín Guðmundsdóttir Granda hf., Logi Úlfarsson Íslenskum markaði hf., Ólafur Njáll Sigurðsson Alþjóða líftryggingarfélaginu hf. og Ragnar Birgisson Skífunni ehf.

### Önnur fundarstörf

Tveir námsstyrkir Verslunarráðs eru jafnan veittir á Viðskiptaþingi. Að þessu sinni var hvor styrkur að fjárhæð kr. 250 þúsund. Alls bárust 32 umsóknir og voru það töluvert fleiri en árið á undan. Það var ákvörðun framkvæmdastjórnar að veita styrkina þeim Þórólfi Jónssyni nema í framhaldsnámi í lögfræði við Harvardháskóla í Bandaríkjunum og Einari Frey Pálssyni í framhaldsnámi í verkfræði við Columbiáháskóla í Bandaríkjunum.

Í lok aðalfundar ávarpaði Bogi Pálsson fundinn og þakkaði það traust sem honum var sýnt með kjöri til áframhaldandi formannsstarfa. Þá þakkaði hann fundarmönnum og starfsmönnum fundarstörfin. Fundarstjóri var Einar Benediktsson. Að fundi loknum var fundarmönnum boðið til móttöku.

Viðskiptaþing Verslunarráðs árið 2003 var haldið á Grand Hótel Reykjavík 12. febrúar. Yfirskrift þings var *Árangur fyrir Ísland – stefnumótun fyrir íslenskt atvinnulíf 2003–2010* og var með henni vísað til þeirra áherslna sem Verslunarráð kynnti sem nauðsynlegar til að íslenskt atvinnulíf nái markmiðum sínum um árangur.

### Árangur fyrir Ísland

Á Viðskiptaþingi var lögð fram skýrsla sem laut að stöðu Íslands meðal hagsældarríkja heims. Kynnt var hugmynd að stefnumótun fyrir Ísland 2003–2010 og var sjónum beint bæði að stjórnvöldum og að atvinnulífinu sjálfu. Skýrslan var á öðru formi en oft áður en valin hafði verið sú leið að taka saman áherslupunkta í stað heildstæðs texta og gaf það þann möguleika á að koma víðar við en ella. Að skýrslugerðinni komu stjórnarmenn Verslunarráðs auk ýmissa félagsmanna en umsjón höfðu Vilhjálmur Egilsson þáverandi framkvæmdastjóri Verslunarráðs, Birgir Ármannsson þáverandi staðgengill framkvæmdastjóra og Sigríður Á. Andersen lögfræðingur ráðsins. Í skýrslunni voru dregin fram nokkur grundvallaratriði sem nauðsynlegt þótti að hafa í huga áður en stefnumótun í einstökum málaflokkum væri kynnt. Gert var grein fyrir stefnumótun í málaflokkum eins og viðskiptalöggjöf, eftirlitsiðnaði, viðskiptaháttum og heilbrigðismálum svo dæmi séu tekin.

Í upphafi Viðskiptaþings flutti formaður Verslunarráðs, Bogi Pálsson erindi um helstu áhersluatriði ráðsins. Kom fram í erindi hans að mikilvægt væri að stöðugleiki ríkti í efnahagslífinu og að ánægjulegt væri að jafnvægi hefði náðst hvað verðbólgu snerti árið 2002. Jafnframt kom fram að ráðið teldi vexti hér á landi of háa og sá mismunur sem í þeim efnium væri milli Íslands og annarra landa væri til þess fallinn að skerða samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Þá væru miklar sveiflur á íslensku krónunni verulegt áhyggjuefni. Í ræðu formanns kom fram að mikil breyting til batnaðar hefði orðið á skattaumhverfi íslenskra fyrirtækja. Þá hefði mikið áunnist í því að færa starfsumhverfi fyrirtækja



Gestir á Viðskiptaþingi 2003.

anna meira í átt að alþjóðlegu umhverfi svo sem með afnámi verðbólguþrengingsskila og með heimild til að færa bókhald í erlendri mynt. Formaðurinn sagði það skoðun Verslunarráðs að áfram þyrfti að halda á þessari braut til að tryggja Íslandi möguleika á að keppa um erlendar fjárfestingar.

Að ræðu formanns lokinni ávarpaði Davíð Oddsson forsætisráðherra Viðskiptaþingið og fór yfir árangur í efnahagsmálum á undanförunum misserum. Hann brýndi fyrir viðskiptalífinu að þær breytingar hefðu nú orðið í efnahagsmálum að stjórn málin hefðu ekki lengur þau ítök í atvinnulífi sem þau höfðu áður. Þess vegna yrði kröfum um ýmis mál, til dæmis um skráningu gengis, ekki beint að stjórnvöldum. Forráðamenn fyrirtækja, að minnsta kosti samanlagðir, hefðu þar meiri áhrif en stjórn málamennirnir sem þó vissulega geta haft ákveðnar skoðanir á þróun mála. Forsætisráðherra sagði þetta jákvæða breytingu og framför í íslensku efnahagslífi.

Að loknum ávörpum formanns Verslunarráðs og forsætisráðherra voru haldin þrjú framsöguerindi um meginviðfangsefni þingsins. Ræðumenn voru: Ingimundur Sigfússon sendiherra Íslands í Japan, Sigurður Helgason forstjóri Flugleiða hf. og Sigurður Einarsson forstjóri Kaupþings banka hf.

### Námsstyrkir

Venju samkvæmt voru veittir tveir námsstyrkir á Viðskiptaþingi 2003. Styrkina hlutu Halldór Ragnar Gíslason í framhaldsnámi í sjávarútvegsfræðum við Sterling háskóla í Bretlandi og Sigurður Kjartan Hilmarsson í MBA námi við Columbiá háskóla í Bandaríkjunum.

## Störf stjórnar 2002-2004

Stjórn Verslunarráðs sem kjörin var á aðalfundi 12. febrúar 2002 lýkur störfum á aðalfundi 11. febrúar 2004. Stjórnina skipa 18 manns auk formanns sem kjörinn er sérstaklega. Var menn 19 og eru þeir jafnan boðaðir á stjórnarfundum og hafa þar fullt málfrælsi og tillögurétt. Það hafa því 38 manns aðgang að fundum stjórnar Verslunarráðs.

Stjórnarfundir hafa að jafnaði verið haldnir fyrsta mánudag hvers mánaðar nema í júlí og ágúst. Stjórn Verslunarráðs hefur því komið saman 20 sinnum á þessu kjörtímabili. Á stjórnarfundum er fjallað um ýmsa þætti í starfi ráðsins og þar eru margar stefnumarkandi ákvarðanir teknar. Þá eru oft sérstakir gestir fengnir til að hafa framsögu um tiltekin mál sem eru ofarlega á baugi í viðskipta- og efnahagslífinu. Að þeim loknum verða umræður oft líflegar.



Hluti stjórnar og varastjórnar á fundi í janúar 2004.



Gestur stjórnarfundar í janúar 2004 var Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra.

### Stjórnarfundir og fundarefni

Á liðnu stjórnartímabili voru haldnir 20 stjórnarfundir og voru eftirtalin málefni rædd sérstaklega:

#### 2002 Umræðuefni – ræðumaður

- |          |  |          |   |
|----------|--|----------|---|
| 4. mars  | Yfirlit yfir verkefni Verslunarráðsins Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri   | 7. apríl | Málefni atvinnulífsins – áherslur Framsóknarflokks Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra   |
| 8. apríl | Þátttaka lífeyrissjóðanna í atvinnulífinu og aðkoma þeirra að stjórnnum fyrirtækja Bjarni Brynjólfsson frkvstj. Lífeyrissj. Framsýnar Stefán Halldórsson frkvstj. Lífeyrissj. verkfræðinga | 12. maí  | Áhrif niðurstöðu alþingiskosninga 2002 á atvinnulíf Dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor við HÍ Steingrímur Sigurgeirsson blaðamaður á Morgunblaðinu |
| 6. maí   | Stefnumótunarfundur stjórnar   | 2. júní  | Barátta gegn ofveiði á laxi Orri Vigfússon framkvæmdastjóri Norður Atlantshafslaxasjóðsins  |
| 3. júní  | Niðurstöður stefnumótunarfundar  | 1. sept. | Stefna og starfsáætlun VÍ Þór Sigfússon framkvæmdastjóri  |
| 2. sept. | Verkefni VÍ fyrir Viðskiptaþing 2003   | 6. okt.  | Staða efnahags- og ríkisfjármála Geir H. Haarde fjármálaráðherra  |
| 7. okt.  | Ársfundur SVÍV   | 3. nóv.  | Ársfundur SVÍV  |
| 4. nóv.  | Einkavæðing ríkisbanka, staða og horfur Ólafur Davíðsson formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu Árni Tómasson bankastjóri Búnaðarbanka Íslands   | 1. des.  | Stjórnunarhættir fyrirtækja Svanbjörn Thoroddsen formaður starfshóps VÍ Þórður Friðjónsson forstjóri Kauphallar Ísl. hf.                                    |
| 2. des.  | Fundur um Viðskiptaþing 2003 haldinn á Egilsstöðum. Fyrirtæki á svæðinu heimsótt.  |          |   |

#### 2003

- |          |  |          |  |
|----------|--|----------|--|
| 6. jan.  | Efnahagsmál og staða ríkisfjármála í upphafi árs Geir H. Haarde fjármálaráðherra                   | 2004     |  |
| 3. febr. | Breytt umhverfi í atvinnulífi og stjórnarmálum Styrmir H. Gunnarsson ritstjóri Morgunblaðsins      | 5. jan.  | Stjórnarmálaviðhorf í byrjun nýs árs Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra                |
| 3. mars  | Málefni atvinnulífsins - áherslur Samfylkingar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir talsmaður Samfylkingar | 2. febr. | Skýrsla VÍ fyrir Viðskiptaþing Drög að leiðbeiningum um stjórnunarhætti fyrirtækja kynnt |

## Störf framkvæmdastjórnar 2002-2004

Á stjórnarfundum 4. mars 2002 var framkvæmdastjórn VÍ endurkjörin. Framkvæmdastjórn var því skipuð, auk Boga Pálssonar formanns, Hjörleifi Jakobssyni varaformanni, Rannveigu Rist, Bjarna Ármannssyni og Þórólfi Árnasyni. Í janúar 2003 kom svo í framkvæmdastjórn Ingi-mundur Sigurpálsson sem tók sæti Þórólfs Árnasonar sem hvarf til opinberra embættisstarfa.

Hlutverk framkvæmdastjórnar er að marka stefnu Verslunarráðs og hafa yfirmumsjón með störfum skrifstofunnar. Flest málefni sem ráðið fjallar um koma því til kasta framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjórn kom saman alls 24 sinnum á fundum sem haldnir voru á skrifstofu ráðsins. Árlega hittist svo framkvæmdastjórn sérstaklega til að fjalla um stefnumótun ráðsins til lengri tíma.

Auk framkvæmdastjórnarmanna sitja framkvæmdastjóri og lögfræðingar fundina.



Frá fundi framkvæmdastjórnar í janúar 2004. Efri röð frá vinstri: Bjarni Ármannsson, Ingi-mundur Sigurpálsson, Þór Sigfússon. Fremri röð: Hjörleifur Jakobsson, Bogi Pálsson og Sigríður Ásthildur Andersen. Á myndina vantar Rannveigu Rist og Sigprúði Ármann.

### Tilnefningar í nefndir og ráð

Verslunarráð Íslands tilnefnir allstóran hóp manna í ýmis ráð og nefndir. Sumar eru skipaðar af opinberum aðilum, aðrar á vegum einkaaðila og ennfremur starfa nokkrar samstarfsnefndir um tiltekin verkefni. Auk þessa eru fjölmargar vinnunefndir jafnan að störfum við einstök málefni.

#### Stjórn Sjálfseignarstofnunar

##### Verslunarráðs Íslands um viðskiptamenntun (SVÍV)

Kolbeinn Kristinsson  
Einar Benediktsson  
Gunnar Helgi Hálfðanarson  
Sverrir Sverrisson  
Páll Kr. Pálsson

#### Skólanefnd Verzlunarskóla Íslands

Gunnar Helgi Hálfðanarson  
Árni Hermannsson  
Friðþjófur Ó. Johnson  
Hilmar Baldursson  
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir

#### Háskólaráð Viðskiptaháskólans í Reykjavík

Sverrir Sverrisson  
Bjarni Snæbjörn Jónsson  
Jón Sigurðsson  
Hörður Arnarson  
Sigurður B. Stefánsson

#### Stjórn Gerðardóms VÍ

Pétur Guðmundarson hrl., formaður  
Gestur Jónsson hrl.  
Jóhann J. Ólafsson forstj.

#### til vara

Jónas A. Aðalsteinnsson hrl.  
Einar Sveinsson forstj.

#### Stjórn Gerðardóms VÍ frá 2003

Aðalsteinn E. Jónasson hrl. formaður  
Andri Árnason hrl.  
Bogi Pálsson

#### til vara

Gunnar Sturluson hrl.  
Margrét Einarisdóttir hdl.  
Finnur Geirsson forstjóri.

#### Samráðsnefnd Útflutningsráðs Íslands

Bogi Pálsson

#### Stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna

Bogi Pálsson

#### Reikningsskilaráð

Jón Guðmann Pétursson

#### Stjórn Þróunarfélags Miðborgar

Hallur A. Baldursson

#### til vara

Þórarinn Sigþórsson

#### Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa

Tómas Sigurðsson

#### Siðanefnd SÍA

Sigríður Á. Andersen

#### Dreiflykjanefnd fjármálaráðuneytisins

Stefán Jón Friðriksson

#### Stjórn EAN á Íslandi (strikamerki)

Birgir Ármannsson

#### Samsráðshópur um upplýsingasamfélagið

Frosti Bergsson

#### ICEPRO,

nefnd um bætt verklag í viðskiptum  
Birgir Ármannsson

#### Ráðgjafarnefnd EFTA

Sigprúður Ármann

#### Nefnd um alþjóðlega

reikningsskilastaðla

Sigríður Hrólfsdóttir

## Starfsemi á skrifstofu

Skrifstofa Verslunarráðs er á 7. hæð Húss verslunarinnar í Kringlunni. Þar eru einnig fundarsalir framkvæmdastjórnar og stjórnar en þeir eru eftir atvikum jafnframt nýttir fyrir almenna opna fundi. Verkefni skrifstofu ráðsins eru afar fjölbætt. Á skrifstofunni fer að miklu leyti fram það starf sem Verslunarráð byggir á, nefnilega baráttu fyrir hagsmunamálum íslensks viðskiptalífs. Þá er ýmis konar þjónusta við félagsmenn ríkur þáttur í almennum störfum á skrifstofunni.

### Starfsmenn

Töluverðar breytingar urðu á starfsmannahaldi og skipulagi skrifstofunnar á tímabilinu. Vilhjálmur Egilsson, sem hafði verið framkvæmdastjóri Verslunarráðs frá árinu 1987, lét af störfum í byrjun árs 2003. Við starfi hans tók Þór Sigfússon sem hóf störf hjá ráðinu í apríl sama ár. Þá lét af störfum í apríl 2003 Birgir Ármannsson sem hafði starfað hjá Verslunarráði frá árinu 1995, frá árinu 2000 sem aðstoðarframkvæmdastjóri. Sigríður Á. Andersen er lögfræðingur og hefur starfað hjá ráðinu síðan 1999. Í september 2003 hóf störf hjá ráðinu Sigþrúður Ármann sem er að ljúka lagánámi og mun hún starfa sem annar tveggja lögfræðinga ráðsins. Fjármála- stjórn Verslunarráðs er í höndum Soffíu Vernharðsdóttur sem hefur starfað hjá ráðinu frá árinu 1988. Hún sér einnig um fjármál ýmissa tengdra aðila sem hafa aðstöðu á skrifstofu ráðsins.

Aðrir starfsmenn á skrifstofu Verslunarráðs eru Kristín Pétursdóttir sem er aðstoðarmaður framkvæmdastjóra, Ólöf Óladóttir sem sér um útgáfu ATA-skírteina ásamt öðru og Lára Sólves sem er framkvæmdastjóri alþjóðasviðs en verið er að færa starfsemi millilandaráðanna og landsnefndar Alþjóðaverslunarráðsins undir eitt sameiginlegt svið innan Verslunarráðs. Haustið 2003 hófst vinna Verslunarráðs að gerð leiðbeinandi reglna um stjórnarhætti fyrirtækja og hefur Davíð Sch. Thorsteinsson haft umsjón með þeirri vinnu. María Sigrún Hilmarsdóttir hefur starfað á skrifstofunni undanfarna mánuði við ýmis verkefni. Á skrifstofunni starfa svo einnig félög og ráð tengd Verslunarráðinu og eru starfsmenn þeirra

þau Kristín Hjálmtyróttir framkvæmdastjóri Þýsk-íslenska verslunarráðsins, François Thier-Mieg framkvæmdastjóri Fransk-íslenska verslunarráðsins og Ragnar Þorgeirsson sem er framkvæmdastjóri Icepro. Auk þessara föstu starfsmanna hefur skrifstofa Verslunarráðs notið starfskrafta ýmissa annarra, bæði útlendinga og Íslendinga, við tíma- bundin verkefni.

Á árinu 2002 flutti starfsemi EAN nefndarinnar frá skrifstofu Verslunarráðs. Þá lagðist á sama ári niður vinna vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga sem Verslunarráð hafði haft með höndum. Áhugi fyrir málinu féll niður af hálfu stjórnvalda og hefur verið tekin ákvörðun um að leggja niður alþjóðleg viðskiptafélög.

Á haustdögum 2003 hóf skrifstofa Verslunarráðs ítarlega vinnu við stefnumótun og stendur sú vinna enn yfir. Með þeirri vinnu er leitað leiða til að tryggja að sjónarmið Verslunarráðs séu sem best kynnt.

### Útgefið efni

Verslunarráð gefur reglulega út skýrslur um málefni sem efst eru á baugi hverju sinni í viðskiptalífinu eða um mál sem ráðið telur brýnt að tekin séu til umræðu á opinberum vettvangi. Hefur slík skýrslugerð verið fjölbreytt á árinu 2003.

#### Úr Hugmyndasmíðju VÍ – skýrslur –

Aðbúnaður erlendra  
sérfræðinga hérlendis  
október 2003

Aðhald og ráðdeild í ríkisrekstri  
september 2003

Hömlur á erlendar  
fjárfestingar hérlendis  
ágúst 2003

Valfrelsi í grunnskólum  
maí 2003

Tíu tillögur um aukinn árangur  
fyrir Ísland  
maí 2003

Stefnumótun til 2010  
febrúar 2003

Á hverju Viðskiptaþingi er lögð fram skýrsla í samræmi við meginumfjöllunarefni hvers þings. Á Viðskiptaþingi árið 2002 var kynnt skýrsla um hagræðingu, framleiðni og vöxt íslenskra fyrirtækja en á þinginu voru fyrirtæki hvött til að gera betur svo Ísland verði meðal þeirra 10 þjóða sem mestum árangri eru að ná í lífskjörum. Árið 2003 var skýrsla til Viðskiptaþings stefnumótun fyrir íslenskt atvinnulíf fram til ársins 2010.

Önnur útgáfa Verslunarráðs hefur verið í formi fréttapunkta en þeir eru gefnir út reglulega á rafrænu formi. Í fréttapunktum er gerð grein fyrir starfsemi ráðsins og fyrirhugaðir fundir og aðrir viðburðir kynntir.

### Heimasíðan

Vefsíða Verslunarráðs, [www.verslunarrad.is](http://www.verslunarrad.is), tók miklum breytingum síðasta sumar. Útliti hennar var breytt í samræmi við aðrar breytingar sem smám saman hafa verið gerðar á öðru efni Verslunarráðs. Uppbygging og notkunarmöguleikar heimasíðunnar hafa líka verið teknir til endurskoðunar og á síðunni má nú finna ýmislegt sem má telja nýtt í útgáfu ráðsins. Nefna má *Skoðun VÍ* en hún er sett fram í fréttapunktum og fjallar um tiltekin mál hverju sinni sem ráðið hefur skoðun á. Á heimasíðunni fæst nú einnig heildstætt yfirlit yfir hugmyndavinnu Verslunarráðs en í *Hugmyndasmíðju* á síðunni má finna þá vinnu sundurliðaða eftir málaflokkum. Þar má líka finna útgefna skýrslur ráðsins. Félögum Verslunarráðs hefur líka gefist kostur á að fá hugleiðingar sínar um tiltekin málefni birtar á vefnum. Með þessum breytingum hefur vefurinn verið færður til nútímalegra horfs og býður um leið upp á fjölbreyttara og meira efni en áður.

### Ráðgjöf og erindrektur

Erindrektur Verslunarráðs fyrir hönd félagsmanna sinna fer fram með ýmsum hætti. Almennur erindrektur felst meðal annars í umsögnum um lagafrumvörp og reglur stjórnvalda. Árlega veitir ráðið umsögn um tugi frumvarpa og hefur nú með nýrri heimasíðu verið unnið í því að gera umsagnirnar aðgengilegar jafn óðum og þær eru sendar frá ráðinu. Félagsmenn



Starfsfólk á skrifstofu Verslunarráðs í janúar 2004. Aftari röð frá vinstri: François Thierry-Mieg, Davíð Scheving Thorsteinsson, Lára Sólnes, Þór Sigfússon, María Sigrún Hilmarsdóttir, Kristín S. Hjalmtýsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Soffía Vernharðsdóttir, Sigríður Ásthildur Andersen, Kristín Pétursdóttir, Ólóf Erla Óladóttir, Ragnar Þorgeirsson og Sigbrúður Ármann.

leita oft til starfsmanna ráðsins um einstök mál sem þarfnast úrlausnar. Þar getur verið um að ræða vandamál tengd lögum eða reglugerðum eða samskiptum við hina ýmsu opinbera aðila. Þá er oft leitað liðsinnis Verslunarráðs í samskiptum íslenskra fyrirtækja við erlenda stjórnvísu.

## Opnir fundir

Verslunarráð hefur undanfarin ár haldið sína opnu fundi á morgnana, svokallaða morgunverðarfundir. Fundirnir hafa fyrir löngu unnið sér ákveðinn sess, ekki bara hjá atvinnulífnum heldur í allri þjóðfélagsumræðu. Á þessum fundum eru tekin fyrir mál líðandi stundar og eru fundirnir því gjarnan haldnir með stuttum fyrirvara. Morgunverðarfundir Verslunarráðs vekja alla jafna athygli fjölmiðla. Árið 2002 voru haldnir 13 morgunverðarfundir og árið 2003 voru fundirnir 7. Verslunarráð hefur undanfarin ár haldið tvisvar á ári hádegisverðarfundir á Akureyri. Millilandaráðin halda svo hvert um sig nokkra fundi á ári, ýmist hér á landi eða erlendis. Skipulag allra funda ráðsins, og millilandaráð, er í höndum starfsfólks skrifstofu ráðsins.

## Þjónusta við útflytjendur

Verslunarráð eru afar þekkt fyrirbæri um allan heim. Verslunarráð Íslands er hlekkur í keðju yfir 11.000 erlendra

verslunarráða. Þessi verslunarráð njóta þess traust að vera heimilt að gefa út upprunavottorð fyrir vörur til útflutnings. Þessara vottorða er oft krafist í viðskiptum við lönd utan EES. Aðildarfyrirtæki Verslunarráðs fá þessi vottorð ókeypis en aðrir fá þau gegn gjaldi. Verslunarráðskehjan gefur einnig út svokölluð ATA Carnet skírteini sem eru í raun vegabréf fyrir vöru sem eru fluttar tímabundið milli landa. Skírteinið veitir heimild til tímabundins innflutnings án greiðslu aðflutningsgjalda eins og tolla í viðkomandi landi. Það eru einkum fyrirtæki sem senda vörur á sýningar erlendis sem nýta sér þessa þjónustu Verslunarráðs. Þessar vörur eru af ýmsum toga, vélar, listaverk og alls kyns hönnun.

## Upplageftirlit og vefmæling

Eftirlit Verslunarráðs með upplagi prentmiðla er löngu orðið þekkt enda hefur ráðið boðið útgefendum blaða og tímarita upp á þessa þjónustu um áratuga skeið. Fjöldmörg tímarit og kynningarrit hafa nýtt sér þessa þjónustu. Morgunblaðið hefur lengi verið eitt dagblaða til að taka þátt í eftirlitinu en snemma árs 2003 hóf Fréttablaðið þátttöku.

Samræmd vefmæling Verslunarráðs og fyrirtækisins Modernus er nokkurs konar upplageftirlit vefmiðlanna.

Samræmd vefmæling hefur staðið yfir frá 2001. Hlutverk Verslunarráðs í mælingunni er að hafa eftirlit með birtingu niðurstaðna en hún hefur verið vikuleg. Modernus er tæknilegur framkvæmdaraðili. Trúnaðarmaður Upplageftirlits er Reynir Vignir löggiltur endurskoðandi hjá PWC en á skrifstofu ráðsins er eftirlitið og Samræmda vefmælingin í höndum Sigríðar Á. Andersen lögfræðings og Kristínar Pétursdóttur ritara.

## Icepro

Nefnd um rafræn viðskipti, Icepro, sem Verslunarráð ásamt öðrum stofnaði hefur aðsetur á skrifstofu ráðsins. Hlutverk Icepro er að mynda hlutlausan vettvang þar sem opinberum aðilum, fyrirtækjum og lausnaraðilum gefst tækifæri til að sitja við eitt borð, miðla reynslu sinnu, setja stefnu, skilgreina ferli og sannreyna tækni. Icepro safnar þekkingu á þessu sviði, innanlands og utan, og miðlar henni til aðildarfyrirtækja í formi verkefnavinnu, ráðstefnuhalds og kynninga ýmiskonar, með það fyrir augum að efla, samræma og staðla rafræn samskipti.

Karl F. Garðarsson er formaður Icepro og framkvæmdastjóri er Ragnar Þorgeirsson en hann tók við því starfi í maí 2003. Fulltrúi Verslunarráðs í stjórn Icepro er Birgir Ármannsson.

## Málefnaþarátta Verslunarráðs

**S**kattamál, fjármagnsmarkaður, eftirlitsiðnaður, samkeppnismál og einkavæðing hafa verið skilgreind sem kjarnasvið Verslunarráðs enda hefur mest borið á þessum málaflokkum í starfsemi ráðsins undanfarin ár. Engin undantekning var á árunum 2002–2003.

Á Viðskiptaþingi 2002 var lögð fram skýrsla um stöðu íslensks atvinnulífs og atvinnulíf og stjórnvöld hvött til að gera gott efnahagslíf enn betra. Í skýrslunni var meðal annars fjallað um ýmsa þá vankanta sem íslenskt atvinnulíf býr við en þarf að vinna á. Meðal annars var fjallað um þá þröskulda sem til staðar eru við útrás íslenskra fyrirtækja. Var t.d. bent á að of litlar einingar fjármálastofnana myndu fljótlega fara að há þeim fyrirtækjum sem stefndu að árangri í alþjóðavæðingu. Bent var á hversu óheppilegt það því væri ef það yrði stefna samkeppnisyrivalda að leggja stein í götu hagræðingar á fjármálamarkaði.

Í skýrslu til Viðskiptaþings 2003 var

fjallað um þær áherslur sem væri nauðsynlegt að hafa uppi til að íslenskt atvinnulíf nái markmiðum sínum um árangur. Var farið afar vítt yfir bæði efnahags- og þjóðmál. Þar kom meðal annars fram að menntamál væru afar mikilvægur málaflokkur og að atvinnulífið lætur hann sig varða.

Málefnavinna Verslunarráðs á sviði einkavæðingar hefur eðli máls samkvæmt tekið stakkaskiptum. Í ljósi staðfestu stjórnvalda við sölu ríkisfyrirtækja, banka og verksmiðja, hefur Verslunarráð á þessu tímabili vakið athygli á verkefnum sem eru á hendi hins opinbera en ættu betur heima hjá atvinnulífnum þótt ekki sé um að ræða hefðbundin einkavæðingarverkefni. Þannig hafa skólamál verið til sérstakrar skoðunar hjá Verslunarráði. Ráðið hefur reynslu af rekstri skóla á framhalds- og háskólastigi en sumarið 2003 fjallaði Verslunarráð í skýrslu um möguleika einkaaðila á rekstri skóla á grunnskólastigi. Með yf-

irskrift skýrslunnar var vakin athygli á þeim skorti á valfrelsi í grunnskólumálum sem er ríkjandi hér á landi. Í kjölfar skýrslunnar efnði Verslunarráð, í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, til námskeiðs um einkaframkvæmd. Var námskeiðinu ætlað að efla þá sem hafa hug á að reyna fyrir sér í verkefnum á sviði einkaframkvæmdar, sérstaklega á sviði mennta- og heilbrigðismála og var unnið að gerð viðskiptaáætlana á þessum sviðum. Námskeiðið stóð yfir á haustmíssi 2003 og áður en nemendur voru útskrifaðir í desember kynntu þeir margar hugmyndir sem geta bætt þjónustu á þessum sviðum og aukið fjölbreytni. Með starfi sem þessu kemur Verslunarráð á framfæri þeirri málefnaþarátu sinni er lýtur að einkarekstri.

Í nóvember 2003 stóð Verslunarráð einnig fyrir námskeiði fyrir fjármálastjóra 25 stærstu aðildarfyrirtækjanna. Á námskeiðinu voru tekin fyrir mál sem eru ofarlega á baugi og snerta fjármálastarfsemi aðildarfyrirtækja. Með námskeiði sem þessu gefst tækifæri á að koma sjónarmiðum Verslunarráðs beint á framfæri við fleiri lykilstarfsmenn en formlega tengiliði fyrirtækjanna við ráðið. Um leið skapast vettvangur fyrir þessa starfsmenn til að hittast og læra af reynslu annarra.

Eftir alþingiskosningar 2003 sendi Verslunarráð ríkisstjórnarflokkunum *Tíu tillögur um aukinn árangur fyrir Ísland* og hvatti til ráðdeildar í ríkisrekstri og áframhaldandi stuðnings við einkarekstur. Í maí 2003 var svo gefin út skýrsla, *Aðhald og ráðdeild í ríkisrekstri*, þar sem nánar var fjallað um þessar hugmyndir Verslunarráðs.

Í október 2003 var svo gefin út skýrsla um aðbúnað erlendra sérfræðinga hér á landi en íslensk fyrirtæki njóta nú í auknum mæli starfskrafta þeirra um lengri eða skemmri tíma. Í skýrslunni er bent á margt sem betur mætti fara til að auðvelda þessa alþjóðavæðingu íslenskra fyrirtækja.

Málefnaþarátta Verslunarráðs hefur einnig farið fram með rafrænni útgáfu fréttabréfa og styttri úttekta á tilteknum málum. Umfjöllun um hömlur á erlendar fjárfestingar var birt í ágúst 2003 í *Skoðun VÍ* sem send er út með rafrænum hætti. Þá kemur málefnaþarátta ráðsins

### Morgunverðarfundir og aðrir sérstakir fundir Verslunarráðs 2002 og 2003

4. jan.	2002:	Viðskipti Íslands og Kína VÍ, VUR, ÚÍ, Ísl.-Kínv. Viðskiptaráðið
13. febr.	2002:	ÍSV – Flugsamgöngur
6. mars	2002:	Framhald einkavæðingar
10. apríl	2002:	Vöxtur heimsframléiðslu lífrænna afurða – tálmar og tækifæri VÍ og Vottunarstofan TÚN
15. apríl	2002:	Ríkisábyrgð og uppbygging nýrrar atvinnustarfsemi
16. apríl	2002:	(á Akureyri) Endurskipulagning og fjárfestingar í sjávarútvegi
22. maí	2002:	Rauða strikið hélt – hvað svo?
24. júní	2002:	Seminar on Free Trade Agreements
13. ágúst	2002:	Viðskipti Íslands og Lettlands
21. ágúst	2002:	Hvernig lifum við með krónunni?
18. sept.	2002:	Húsleit hjá fyrirtækjum – heimildir hins opinbera
7. nóv.	2002:	Er ástæða til bjartsýni? – álit Seðlabankans á stöðu og horfum í efnahagsmálum
2. des.	2002:	Fjármálaþjónusta á landsbyggðinni – EGS
15. jan.	2003:	Virkjunarframkvæmdir og álverssamningar – staða mála og þjóðhagsleg áhrif
6. febr.	2003:	Skattamál atvinnulífsins – staða og stefna AEY
30. apríl	2003:	Kjör stjórnenda fyrirtækja – nýjar reglur Kauphallar um upplýsingagjöf
12. júní	2003:	Grunnskólar – réttur til náms er réttur til að velja
7. ágúst	2003:	Einkavæðing stórra mannvirkja – VÍ og BRÍS
22. okt.	2003:	Sviptingar á fjármálamarkaði og framtíðarsýn
7. nóv.	2003:	Er uppsveifla framundan? – álit Seðlabanka Íslands á stöðu og horfum í efnahagsmálum og viðhorfi viðskiptalífsins

fram í umsögnum sem það veitir um lagafrumvörp og drög að reglum stjórnvalda en á ári hverju eru veittar umsagnir um a.m.k. 50 lagafrumvörp. Oft liggur fyrir afstaða ráðsins til mállanna þar sem grundvallarstefna ráðsins er afar skýr. Stundum, og gjarnan þegar um stór mál er að ræða, er leitað til félaga ráðsins um innlegg í þessar umsagnir. Hefur það reynt afar vel.

Með fundum Verslunarráðs er málefnastarfi ráðsins einnig komið á framfæri og vekja þeir jafnan verðskuldaða athygli í þjóðfélaginu. Til þeirra er boðað um tiltekin málefni líðandi stundar og því oft með skömmum fyrir-

vara. Þátttaka á fundum Verslunarráðs er jafnan góð og margir athafnamenn reglulegir gestir á þeim fundum.

Félagatal Verslunarráðs tekur breytingum í samræmi við breytingar sem verða í atvinnulífinu sjálfu. Sameiningar fyrirtækja valda því gjarnan að félögum ráðsins fækkar en um leið fjölgar stærri félögum. Féлагаöflun er mikilvægur þáttur í starfsemi ráðsins enda er það samtökum sem Verslunarráði keppikefli að innan raða þess séu fyrirtæki úr sem flestum greinum atvinnulífsins og af öllum stærðum. Rúmlega 40 nýir félagar gengu til liðs við Verslunarráð á árinu 2003.



Um fjörtíu nýir félagar gengu til liðs við Verslunarráðið árið 2003. Fulltrúum fyrirtækjanna var boðið í móttöku á skrifstofu Verslunarráðsins.



## ALPJÓÐASVIÐ

Undanfarið hafa tengsl Verslunarráðs við erlend fyrirtæki og stofnanir aukist gífurlega. Bæði má þakka það því að áhugi útlendinga á íslensku viðskiptalífi og tækifærum hér hefur aukist verulega á síðustu árum og að Verslunarráð hefur með starfsemi millilanda-verslunarráða markvisst unnið að því að auka þessi samskipti. Millilanda-verslunarráðin eru nú orðin átta talsins og innan þeirra vébanda má nú finna rúmlega 300 erlend aðildarfyrirtæki auk íslenskra fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Millilandaráðin eru öll sjálfstæð í rekstri sínum. Stundum gefst tækifæri til samvinnu og svo var einmitt þegar öll millilandaráðin sameinuðust með bás á Sjávarútvegssýningunni í Kópavogi í september 2002 ásamt Verslunarráði Íslands. Í samstarfi við ræðismenn og sendiráð viðkomandi landa buðu þau svo sýnendum og gestum í móttöku í húsnæði Verslunarráðs Íslands. Öll millilandaráðin hafa annars átt mjög góð samskipti við sendiráð og ræðisskrifstofur viðkomandi landa.

Alþjóðatengsl Verslunarráðs eru einnig í gegnum Landsnefnd Alþjóða verslunarráðsins sem er hluti af Alþjóða verslunarráðinu í París (ICC). Landsnefndin tengist öðrum landsnefndum um heim allan. Félögum Landsnefndarinnar gefst tækifæri til þess að taka beinan þátt í störfum þeirra nefnda. Helsta baráttumál Alþjóða verslunarráðsins eru hindrunarlaus milliríkjaviðskipti á öllum sviðum. Um 8000 fyrirtæki eiga aðild að ICC um heim allan.

Verslunarráð Íslands hefur séð um bókhald og fjármál millilandaráðanna og Landsnefndar. Haustið 2003 var tekin sú ákvörðun að á skrifstofu Verslunarráðs yrði starfrækt alþjóðasvið og starfsemi millilandaráða og Landsnefndar færi þar fram. Með þeim hætti er vonast til að efla megi alþjóðatengslin enn frekar og þau tengsl sem til staðar eru á einum stað nýtist í þágu fleiri. Það liggur því ljóst fyrir að tengslanet Alþjóðasviðs er gríðarlega öflugt fyrir íslensk fyrirtæki. Á tímum útrásar eru möguleikar fyrirtækjanna óendanlegir með aðgangi að slíku neti.

### Amerísk-íslenska verslunarráðið

Amerísk-íslenska verslunarráðið (AMÍS) hefur aðsetur á skrifstofu Verslunarráðs og hefur það markmið að þróa og efla tengsl milli landanna á hinum ýmsu sviðum efnahags- og viðskiptalífs. Systurfélag þess er Íslensk-ameríska verslunarráðið sem er með aðsetur í New York og hefur það hlutverk að kynna íslenskt viðskiptalíf í Norður-Ameríku. Ráðin eiga oft samstarf um einstök verkefni, einkum ráðstefnuhald bæði hér á landi og vestra.

Ráðið tók þátt í veglegri ráðstefnu At *the Dawn of the 21st Century* sem haldin var í New York í október 2002. Ráðstefnan var vel sótt og voru framsögumenn úr íslensku og bandarísku viðskiptalífi.

Á aðalfundi ráðsins sem haldinn var í Þingholti á Hótel Holti, í desember s.l. var Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Norðuráls, kjörinn formaður stjórnar AMÍS og tók við formennsku af Friðriki Pálssyni. Ný stjórn vinnur nú að framtíðarstefnumótun AMÍS. Mun stjórnin skoða ýmis mál efni er varða samskipti landanna. Tengiliður AMÍS við Verslunarráð er Lára Sólmes.

### Bresk-íslenska verslunarráðið

Bresk-íslenska verslunarráðið (BRÍS) var stofnað í nóvember 1997 og eru félagar um 150, bæði bresk og íslensk fyrirtæki.

Í janúar 2002 var félögum BRÍS boðið á hátíðaropnun íslenskrar kvikmyndahátíðar í London. Hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands var viðstaddur opnunina sem og stjórnarfund BRÍS sem haldinn var daginn eftir í húsnæði sendiráðs Íslands í London. Nokkrum dögum síðar var félögum BRÍS einnig boðið í móttöku vegna Carnegie Art Awards í Victoria Miro listasafninu.

Í maí var haldin í Reykjavík ráðstefnan *Investment by Acquisition in the UK*. Meðal ræðumanna voru breskir sérfræðingar og Íslendingar sem lýstu reynslu sinni af fjárfestingum í Bretlandi. Hörður Sigurgestsson stjórnarformaður Flugleiða var gestur á hádegisverðarfundum í

London í september 2002. Árni Mathiesen sjávarútvegarráðgjafi var gestur aðalfundar sem haldinn var í október 2002. Á þeim fundi voru samþykktar breytingar á uppbyggingu félagsins. Í stað ný manna stjórnar er nú formaður og þriggja manna stjórn. Hver og einn hinna þriggja stjórnarmanna er formaður sinnar deildar en deildirnar eru: Íslandsdeild, Bretland suður og Bretland norður. Í stjórn hverrar deildar sitja þrjú til fimm stjórnarmenn. Einnig var samþykkt að félagsgjöld skiptist í þrjú flokka eftir veltu aðildarfyrirtækjanna.

Þorsteinn Pálsson sendiherra flutti frá London til Kaupmannahafnar í lok ársins 2002 og sem þakklætisvott fyrir gott samstarf var BRÍS með hádegisverðarfund til að kveðja sendiherrann. Sverrir Haukur Gunnlaugsson tók við starfi Þorsteins í London.

Breska norðurdeildin hélt mjög vel heppnað golfmót og kvöldverð í júní á hinum glæsilega Forest Pines golfvelli í Lincolnshire. Þátttaka var mjög góð og hefur verið ákveðið að gera þetta mót að árlegum viðburði. Í ágúst kostaði Íslandsdeildin síðan fyrirlestur Dr. Eamonn Butler, framkvæmdastjóra Adam Smith stofnunarinnar. Fyrirlesturinn, sem fjallaði meðal annars um einkavæðingu opinberra mannvirkja, var vel sóttur. Í september bauð breska suðurdeildin félögum BRÍS í siglingu á Thames ári. Þessi viðburður var mjög vel sóttur og verður endurtekinn að ári.

Bresk-íslenska verslunarráðið, ásamt breska sendiráðinu í Reykjavík og Háskólanum í Reykjavík stóðu að ráðstefnu um hvernig lítil lífefnafyrirtæki geta vaxið og dafnað. Meðal fyrirlesara voru Professor Russel Smith frá Oxford Brooks Háskólanum, Don Wright frá Europe UK Invest, Gunnar Örn Gunnarsson frá Nýsköpunarsjóði atvinnulíffsins og Júlíus Kristinsson frá ORF Genetics.

Á aðalfundi í desember 2003 var Hilmar Foss gerður að heiðursfélagi BRÍS. Hilmar er einn af stofnfélögum ráðsins og hefur unnið ötulllega að auknum samskiptum Íslands og Bretlands áratugum saman. Gestur fundarins var Jón Scheving Thorsteinsson og fjallaði hann um fjárfestingar Baugs hf. í Englandi.



Formaður ráðsins er John A. Quitter hjá fyrirtækinu Northern Partnership Ltd. í London. Hann, ásamt Eyrúnu Hafsteinsdóttur, viðskiptafulltrúa í sendiráðinu í London hafa sótt fundi á vegum COBCOE (Council of British Chambers of Commerce in Europe) og the Nordic Council of the Chambers of Commerce. Tengiliður Verslunarráðs við BRÍS er Þór Sigfússon.

### Dansk-íslenska verslunarráðið

Dansk-íslenska verslunarráðið (DÍV) var stofnað á Børsen í Kaupmannahöfn, 27. apríl 2000. Félagar í ráðinu eru nær 80 fyrirtæki dönsk og íslensk, úr öllum greinum atvinnulífsins en að undanfögnu hefur átt sér stað töluverð aukning danskra félaga í ráðinu. Stjórn DÍV skipa 9 manns kjörnir á aðalfundi. Á síðasta aðalfundi sem haldinn var í Kaupmannahöfn 28. nóvember 2003 í pakkhúsinu við Norðurbryggju, var fyrrverandi forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, kjörin heiðursfélagi ráðsins en hún hefur lagt mikið af mörkum til þessa að efla tengsl landanna tveggja. Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, var heiðursgestur fundarins og afhenti Vigdís heiðurskjal ráðsins. Til gamans má geta þess að aðalfundur DÍV var fyrsti fundurinn sem haldinn var í pakkhúsinu við Norðurbryggju, en þar hefur íslenska sendiráðið í Danmörku eignast frábæra aðstöðu.

Starf Dansk-íslenska verslunarráðsins hefur verið afar öflugt undanfarin tvö ár og gerist ráðið æ sýnilegra í viðskiptalífínu. Hápunktur starfseminnar var fjárfestaráðstefna sem ráðið stóð fyrir í október s.l. Ráðstefnan var haldinn um borð í Óslóarferjunni í Kaupmannahöfn og var tilgangurinn að kynna íslensk fyrirtæki fyrir dönskum fjárfestum. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, var heiðursgestur en eftirfarandi fyrirtæki kynntu stefnumótun sína: Pharmaco, Eimskip Holding, Decode genetics, Marel og Kaupþing Búnaðarbanki. Má segja að fjölbreytni og kraftur í íslensku atvinnulífi hafi kom dönskum fjárfestum á óvart. Stærstu lífeyrissjóðir Danmerkur áttu fulltrúa á kynningunni og töldu íslensk fyrirtæki



Yfir 100 danskir fjárfestar á fjárfestaráðstefnu Dansk-íslenska verslunarráðsins í Kaupmannahöfn.

uppfylla strangar kröfur danskra fjárfesta. Að lokinni ráðstefnu var boðið til hádegisverðar í boði DFDS en einn stjórnenda þess, Per Nørgaard, situr í stjórn DÍV.

Í febrúar 2002 efndi DÍV til málstofu um vöxt og útrás á Norðurlöndunum. Íslenskir og danskir stjórnendur og sérfræðingar héldu erindi um efnahagsmál, viðskipti, vöxt og sóknarfæri á norrænum markaði, einkum með tilliti til dansk-íslenskra tengsla. Fundurinn var opin fólgu og gestum þeirra.

Á haustdögum 2002 var haldinn hátíðarkvöldverður í Grillinu. Meistarakokkurinn Bo Bech frá veitingastaðnum Jan Hurligkarl á Norður-Sjálandi var fenginn til þess að koma til landsins og matreiða „gourmet“ kvöldverð fyrir veislu-gesti. Kvöldið var hið skemmtilegasta og maturinn frábær. Tilgangur kvöldsins var að sýna sig og sjá aðra enda er megin tilgangur DÍV að auka tengsl milli félaganna. Ráðið efndi svo til ráðstefnu í nóvember 2002 í Kaupmannahöfn í glæsilegum salarkynnum L.B. Kiel Bank við Kalvebod Brygge. Aðilar úr íslensku og dönsku atvinnulífi og stjórnsýslu fjölluðu um notkun og innleiðingu rafrænna lausna í stjórnsýslunni og hvernig rafræn stjórnsýsla getur aukið hagvæmni og stýtt boðleiðir í samskiptum fyrirtækjanna við opinberar stofnanir. Húsfyllir var á ráðstefnunni og voru gestir bæði frá Íslandi og Danmörku. Meðal gesta voru frú Vigdís Finnbogadóttir og Helgi Ágústsson þáverandi sendiherra Íslands í Danmörku. Þáverandi borgarstjóri, Ingibjörg Sólrún

Gísladóttir, var aðalræðumaður dagsins og fjallaði um reynslu Reykjavíkurborgar á þessu sviði. Í framhaldi af ráðstefnunni var haldinn „julefrokost“ að hætti Dana á Restaurant Gammel Strand.

Aðalfundur DÍV árið 2002 var haldinn á Hótel Sögu 10. október. Gestur aðalfundar var sendiherra Danmerkur á Íslandi, Hr. Flemming Mörch og flutti hann erindi sem bar yfirskriftina *Det Dansk-Islandske forhold i almindelighed med særdig vægt på de erhvervsmæssige forbindelser*.

Ráðið bauð svo nýjan sendiherra Íslands í Danmörku, Þorstein Pálsson, velkominn til starfa. Efnit var til opins fundar og hádegisverðar með Þorsteini í Kaupmannahöfn þar sem félögum gafst kostur á að hitta Þorstein og rabba saman á óformlegum notum.

Formaður DÍV er Sverrir Sverrisson, Ráðgjöf og efnahagsspá. Tengiliður Verslunarráðs við DÍV er Lára Sólnes.

### Fransk-íslenska verslunarráðið

Fransk-íslenska verslunarráðið (FRÍS) var stofnað árið 1990. FRÍS hefur með höndum hluta af þeirri þjónustu sem áður heyrði undir verslunardeild franska sendiráðsins í Reykjavík en deildin var lögð niður fyrir nokkrum árum. Auk þessarar starfsemi heldur FRÍS úti starfi í líkingu við önnur millilandaráð. Frægir eru orðnir hátíðarkvöldverðir FRÍS á Hótelu Holti í febrúar. Þeir eru afar vel sóttir af áhugafólki um frönsk viðskipta- og menningartengsl. FRÍS hefur einnig staðið að „Frönskum dögum“ í Kringlunni og voru þeir síðast haldnir í maí 2003 í samstarfi við frönsk og íslensk fyrirtæki á borð við Brimborg, B&L, Bernhard, Gasa, Terma og Terra-Nova sól. FRÍS tók þátt í fimmtu alþjóðlegu vörusýningunni í Agen í Frakklandi í júní 2003 og kynnti þar íslenskt viðskiptalíf. Á haustdögum 2003 stóð FRÍS, í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, fyrir kynningu á hinum virta franska viðskiptaháskóla ESCP-EAP. Alain Ollivier prófessor við skólann, og einn fremsti sérfræðingur Frakka í



Fransk-íslenska verslunarráðið fær færustu matreiðslumenn Frakklands til að elda hinn árlega hátíðarkvöldverð.

markaðsmálum, flutti erindi um markaðsmál. Fulltrúi FRÍS hefur sótt ráðstefnu Fransk-Norður-Evrópsku verslunarráðanna.

Formaður FRÍS er Emmanuel Jacques. Framkvæmdastjóri í fullu starfi og tengiliður við Verslunarráð er François Thierry-Mieg.

### Ítalsk íslenska verslunarráðið

Ítalskt-íslenskt verslunarráð (ÍTÍS) var stofnað í Mílanó þann 6. september 2001. ÍTÍS hefur staðið fyrir árlegum fundum um viðskiptamálefni landanna bæði á Íslandi og á Ítalíu. Hefð hefur komist á Ítalskan viðskiptadag á Íslandi fyrirhluta árs þar sem íslenskir viðskiptamenn hafa greint frá reynslu sinni af viðskiptum við Ítali, auk þess sem einn til tveir ítalskir viðskiptafulltrúar hafa mætt og greint frá sinni hlið mála. Viðskiptadeginum hefur síðan lokið með vínsmakki og hátíðarkvöldverði á Hótel Holti í umsjón ítalsks gestakokks. Árið 2001 mætti meistarakokkur frá Toskana og 2002 frá Lombardíahéraði. Sjávarútvegsráðherra Íslands var heiðursgestur á kvöldverðinum 2002 og fjármálaráðherra og frú á kvöldverðinum 2003.

Samhliða hefur skapast hefð fyrir haustfundi á Ítalíu þar sem íslenskt viðskipta- og efnahagslíf hefur verið kynnt ítölskum viðskiptamönnum. Fyrst í Mílanó 2001 á stofnfundi ÍTÍS með þátttöku fjármálaráðherra Íslands, Geirs H. Harde, 2002 í Róm með Davíð Oddssyni,

forsætisráðherra Íslands og frú sem heiðursgestum, og nú síðast í Napolí 2003 með sjávarútvegsráðherra Íslands, Árna M. Mathiesen, sem heiðursgesti. Aðstoðarfjármálaráðherra Ítalíu, Daniele Molgora, var fulltrúi ítalskra stjórnvalda á fundunum í Mílanó og Róm, auk þess að mæta á Ítalska viðskiptadaginn hér heima 2002. Fulltrúi borgarstjórnar Napolíborgar var gestur fundarins í Napolí.

ÍTÍS hefur einnig notið tímabundinnar aðstoðar ítalskra ungmenna, fyrst Alessandro Accornero í rúma þrjú mánuði sumarið 2001 til þess að vinna að undirbúningi stofnfundarins í Mílanó og síðar Ericu Masiero, sem vann fyrir ráðið frá maí til september 2003. Meginverkefni hennar var að styrkja tengslin við ítölsk aðildarfyrirtæki og fá inn ný fyrirtæki, jafnt íslensk sem ítölsk.

Auk framangreinds hefur ÍTÍS gefið út 2–3 fréttabréf árlega og aðstoðað aðildarfélag við upplýsingaöflun um viðskiptatengd málefni eftir því sem kostur hefur verið á.

Formaður ÍTÍS er Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og varaformaður Sigurður Sigfússon, yfirmaður skrifstofu SÍF á Ítalíu. Tengiliður Verslunarráðs við ÍTÍS er Þór Sigfússon.

### Spánsk-íslenska verslunarráðið

Spánsk-íslenska verslunarráðið (SPÍS) var stofnað árið 1997. Í janúar 2002 stóð SPÍS fyrir Spánsk-íslenskum viðskiptadegi í Reykjavík. Íslenskir athafnamenn lýstu reynslu sinni af viðskiptum við Spánverja og af viðskiptalífínu á Íberíuskaganum. Þessir ræðumenn voru Linda Jóhannsdóttir Baugi á Íslandi, Atli Jósaftsson Hampiðjuni, Ingi Þór Jakobsson Exó og Páll Þór Ármann Úrvali-Útsýn. Aðalfundur þess er haldinn þriðja hvert ár. Í september 2003 var aðalfundur haldinn í Vigo á Spáni á sama tíma og stór alþjóðleg sjávarútvegssýning fór þar fram. Í tengslum við aðalfundinn var haldinn fundur um spænsk-íslensk við-

skipti og nokkur íslensk fyrirtæki kynntu starfsemi sína. Heiðursgestur var Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra.

Formaður SPÍS er Úlfar Steindórsson, Primex ehf. Tengiliður Verslunarráðs við SPÍS er Sigríður Á. Andersen.

### Sænsk-íslenska verslunarráðið

Aðalfundur SÍV er haldinn árlega og árið 2002 var hann haldinn 3. maí í Stokkhólmi. Í tengslum við fundinn var haldið málþing um viðskipti milli Svíþjóðar og Íslands. Ræðumenn voru Svavar Gestsson sendiherra Íslands í Svíþjóð, Jóhann G. Jóhannsson, Kaupþingi og Kristján Grétarsson, Baugi. Á fundinum var Hjörtur Hjartar, TVG-Zimsen, endurkjörinn formaður. Árið 2002 voru haldnir nokkrir morgunverðar- og hádegisverðarfundir. Lars Lindgren aðstoðarfrankvæmdastjóri hjá SAS fjallaði á fundi um stöðu flugmála og samstarf flugfélaga. Á haustdögum sama ár stóð ráðið fyrir fundi um einkarekstur í heilbrigðiskerfinu og voru ræðumenn Johan Hjertqvist frá Timbro stofnuninni í Stokkhólmi, Anna Sigrún Baldursdóttir, Liðsinni, og Páll Torfi Önundarson yfirlæknir á LSH. Einkarekstur í heilbrigðisþjónustu hefur verið að aukast töluvert í Svíþjóð og var mikill áhugi fyrir þessum fundi SÍV. Ulf Dinkelspiel framkvæmdastjóri Útflutningsráðs Svíþjóðar var gestur SÍV á fundi árið 2003 og seinna á árinu hélt ráðið fund með Kai Hammerich framkvæmdastjóra Invest in Sweden skrifstofunnar. Aðalfundur 2003 var haldinn 11. apríl í Reykjavík. Sérstakur gestur fundarins var Sören Holmberg prófessor við Gautaborgarháskóla en hann hélt erindi um fyrirhugaða þjóðar- atkvæðagreiðslu í Svíþjóð um evruna. Formaður SÍV er Hjörtur Hjartar, TVG-Zimsen. Tengiliður Verslunarráðs við SÍV er Sigríður Á. Andersen.

### Þýsk-íslenska

Þýsk-íslenska verslunarráðið (ÞÍV) starfaði ötullega á árunum 2002–2003, en tekjur ráðsins, sem takmarkast við félags- og þjónustugjöld nægja til að halda úti skrifstofu og hafa starfsmann í fullu starfi.

Aðalfundur ársins 2002 var haldinn í

Bremen í febrúar og í framhaldi af honum hin árlega Íslandskynning. Fundurinn var haldinn í tengslum við sjávarútvegssýninguna Fish International í Bremen en auk þess var skipulögð þátttaka íslenskra fyrirtækja á sýningunni. Aðalræðumaður Íslandskynningarinnar var Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra.

Í mars hélt ráðið málþing um Basle II, sem er verkfæri til að mæla láns hæfni, í samvinnu við Dansk-Íslenska verslunarráðið. Erindi héldu fulltrúar frá Landesbank-Kiel.

Í apríl skipulagði ráðið hádegisverðarfund með Davíð Oddssyni forsætisráðherra í Berlín. Fulltrúum fyrirtækja í Berlín og Brandenburg, ásamt forsvarsmönnum helstu samtaka atvinnulífsins í Þýskalandi, var boðið. Fundurinn vakti mikla athygli og fékk góða umfjöllun í þýskum fjölmiðlum.

Í september skipulagði ÞÍV Þýska daga í tengslum við þingkosningar í Þýskaland sem fram fóru á sama tíma. Verslanir og innflutningsfyrirtæki kynntu helstu þýsku vörumerkin sem hér eru í boði. Þýskir dagar stóðu í viku og lauk með fjölmennri samkomu í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem sýnt var beint frá þýska kosningasjónvarpinu.

Í október skipulagði ráðið „gourmet“ viku í samvinnu við Hótel Holt og nokkra innflytjendur þýskra vína. Þýskir kokkar töfruðu fram veislurétti frá Thüringen. Vikunni lauk með hátíðarkvöldverði með heiðursgestunum Halldóri Ásgrímssyni utanríkisráðherra og konu hans Sigurjónu Sigurðardóttir og þýsku sendiherrahjónunum Hendrik og Ursulu Dane. Við það tækifæri þakkaði ráðherrann Þjóðverjum fyrir afar gott samstarf í gegnum tíðina, en hálf öld var þá liðin frá því sendiráð þjóðanna voru opnuð.

Í apríl 2003 var aðalfundur ráðsins haldinn í Berlín. Í beinu framhaldi af aðalfundi fór fram hin árlega Íslandskynning. Forseti Íslands og borgarstjóri Berlínar ávörpuðu gesti. Ræðumenn, auk þeirra, voru Birgir Ísleifur Gunnarsson, Sigurður Einarsson, Sigurður Helgason, Örn Viðar Skúlason og Garðar Ingvarsson.

Í byrjun júní var málþing með yfirskriftinni „Nýtt hlutverk Þýskalands í stærra Evrópusambandi“ í samvinnu við



Frá aðalfundi og Íslandskynningu Þýsk-Íslenska verslunarráðsins í Berlín 30. apríl 2003. Heiðursgestir voru Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff ásamt borgarstjóra Berlínar Klaus Wowereit.

VUR, Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins. Erindi héldu m.a. yfirmenn Evrópuskrifstofu þýska utanríkisráðuneytisins, yfirmenn Fjárfestingastofu Þýskalands og talsmenn Alþjóðadeildar þýska seðlabankans.

Þýskir dagar í Reykjavík og á Akranesi voru endurteknir í byrjun september. Markmið daganna var að vekja athygli á þýskum vörum á Íslandi og þeim fyrirtækjum og umboðsmönnum sem að innflutningi þeirra standa. Þýskir dagar voru haldnir í tengslum við landsleik Íslands og Þýskalands í fótbolta og fullyrða má að mjög vel hafi til tekist að draga athyglina að þýskum vörum, samhliða knattspyrnunni. Valgerður Sverrisdóttir viðskipta- og iðnaðarráðherra opnaði viðburðinn ásamt Johanní Wenzl sendiherra Þýskalands.

Í október stóð ráðið fyrir hádegisverðarfundum með Árna M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra í Hamborg í tengslum við síðari landsleik Íslands og Þýskalands í fótbolta. Farið var yfir stöðu sjávarútvegs, viðskiptaumhverfi og stöðu efnahagsmála á Íslandi. Að loknum fundi var haldið á landsleik Íslands og Þýskalands í fótbolta sem flestir vita hvernig fór.

Í desember var fundur í samstarfi við Útflutningsráð Íslands undir yfirskriftinni „Hvernig nýtast vöru- og þjónustusýningar fyrirtækjum?“ Fulltrúi Þýsk-danska verslunarráðsins, sem um árabíl hefur skipulagt þátttöku danskra fyrirtækja á sýningum í Hamborg, fór yfir reynslu danskra sýnenda og ávinn-

ing þeirra af þátttökunni. Fundurinn var vel sóttur og gagnlegur þeim sem áhuga hafa á að sækja þær fjölmörgu sýningar sem haldnar eru í Hamborg á hverju ári.

Árlega stendur ÞÍV fyrir gleðskap á Miðbakka Reykjavíkurhafnar er afhending Hamborgartrésins, sem þar stendur yfir jólahátíðina, fer fram. Tréð er þakklætisvottur Hamborgara fyrir matargjafir til þýskra barna í lok seinni heimstyrjaldarinnar. Þau eru orðin 38 skiptin sem Hamborgarhöfn gefur Reykjavíkurhöfn tré.

Margar fyrirspurnir berast ráðinu á hverri viku og eru erindin fjölbreytt og af ýmsum toga. ÞÍV býður upp á ýmsa þjónustu s.s. aðstoð við endurgreiðslu virðisaukaskatts í Þýskalandi og víðar, aðstoð við innheimtu reikninga, veitir upplýsingar um fyrirtæki og margt fleira. Fréttabréf ráðsins kemur út allt að sex sinnum á ári.

Heimasíða ráðsins var endurbætt og ný krækja tekin í notkun [www.ahk.is](http://www.ahk.is).

Formaður ÞÍV er Páll Kr. Pálsson (Vað ehf). Framkvæmdastjóri í fullu starfi og tengiliður við Verslunarráð er Kristín S. Hjálmtýsdóttir.

## Landsnefnd ICC

Landsnefnd Alþjóða verslunarráðsins starfaði með hefðbundnu sniði síðustu tvö ár. Á undanförunum árum hefur Landsnefndin á Íslandi boðað til ótal ráðstefna og funda með innlendum jafnt sem erlendum ræðumönnum. Hagnýt námskeið eru einnig haldin á vegum ráðsins. Hlutverk Landsnefndarinnar er að fylgjast með straumum og stefnum í alþjóðlegu viðskiptalífi er geta varðað íslenskt atvinnulíf og um leið að vekja athygli forsvarsmanna atvinnulífsins og stjórnvalda á þeim. Helsta baráttumál Alþjóða verslunarráðsins eru hindrunarlaus milliríkjavíðskipti á öllum sviðum. Forseti ICC er Frakkinn Jean-Réne Fourtou en hann er aðalforstjóri Vivendi Universal en var áður varastjórnarformaður og forstjóri líftæknifyrirtækis-



ins Aventis. Fourtou var nú í ársbyrjun 2004 kosinn kaupskýslumaður ársins 2003 af tímaritinu Forbes.

## Félagsfundur

Vel sóttur félagsfundur var haldinn 1. mars 2002. Yfirskrift fundarins var „Útrás íslenskra fyrirtækja, reynsla og ályktanir“. Eftirfarandi gestir fluttu erindi: Sigurður Einarsson, forstjóri Kaupþings, Hilmar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Bakkavarar Ísland og Tryggvi Jónsson, aðstoðarforstjóri Baugs hf.

## Incoterms

Í apríl 2002 stóð Landsnefndin fyrir námskeiði um alþjóðlegu vöruflutningsskilmálana Incoterms 2000. Incoterms flutningsskilmálarnir, eins og FOB og CIF, eru samdir og gefnir út af Alþjóða verslunarráðinu. Fyrirlesari á námskeiðinu var prófessor Jan Ramberg frá Svíþjóð en hann hafði yfirumsjón með endurskoðun skilmálanna, sem gerist á 10 ára fresti, og er höfundur bókarinnar ICC Guide to Incoterms. Námskeið sem þetta er sótt af starfsmönnum fyrirtækja sem stunda inn- og útflutning, lögfræðingum sem fara með slík mál, flutningafyrirtækjum, bönkum og öllum sem hafa áhuga á alþjóðlegum viðskiptum.

## Aðalfundur 2002

Aðalfundur Landsnefndarinnar er haldinn annað hvert ár og var hann síðast

haldinn í desember í Grillinu á Hótel Sögu. Brynjólfur Helgason, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs hjá Landsbanka Íslands hf., var endurkjörinn í embætti formanns. Gunnar Snorri Gunnarsson ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins ávarpaði fundinn og flutti erindi um stækkun ESB og áhrif hennar á EES samninginn.

## Heimsókn Maria Livanos Cattai

Framkvæmdastjóri Alþjóða verslunarráðsins, Maria Livanos Cattai, hélt erindi um ábyrg fyrirtæki í alþjóðavæddu umhverfi yfir hátíðarkvöldverði í Grillinu í tilefni af 20 ára afmæli ICC á Íslandi. Þar sagði Maria meðal annars að fyrirtækin sjálf verði að vera ábyrg og megi aldrei bíða eftir að stjórnvöld setji þeim reglur til að fara eftir. Hún telur að of mikið af reglugerðum frá stjórnvöldum geti aukið hættu á spillingu hjá fyrirtækjum og farsælla sé að gera umbætur innan frá.

## Alþjóðlegi gerðardómsstóllinn

Í september 2002 hélt Landsnefndin í samvinnu við Landwell á Íslandi, ráðstefnu um Alþjóðlega Gerðardómsstóla. Þá stóð fyrir dyrum fullgilding Íslands á New York sáttmálanum um viðurkenningu erlendra gerðardóma. Það var Landsnefndinni mikill heiður að fá Dr. Robert Briner, forseta Gerðardóms Alþjóða verslunarráðsins í Paris (ICC Arbitration) til landsins, en hann flutti

ásamt öðrum sérfræðingum erindi. Ráðstefnan var vel sótt af sérfræðingum og áhugamönnum um gerðardóma. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra setti ráðstefnuna en að henni lokinni bauð dómsmálaráðuneytið til móttöku.

## Nefndir

Á vegum Landsnefndarinnar eru starfandi nefndir sem fjalla um starfsemi Alþjóða verslunarráðsins og ýmsa málaflokka er varða íslenskt atvinnulíf. Ein þeirra er Bankanefnd ICC sem kemur reglulega saman til að fjalla um samræmdar reglur um bankastarfsemi, en í henni eiga sæti fulltrúar helstu fjármálastofnana landsins. Nefndin sækir einnig fundi erlendis sem haldnir eru á vegum aðalnefndar bankamála höfuðstöðva ICC. Nú er verið að endurskoða UCP500 reglurnar og fylgist nefndin að sjálfsögðu með því starfi.

## Skrifstofa og bóksala viðskiptalífsins

Landsnefndin hefur aðsetur hjá Verslunarráði Íslands. Þar sinnir hún m.a. annars sölu á hagnýtum bókum og fræðiritum sem snerta flest svið verslunar og viðskipta í alþjóðlegu umhverfi og eru gefin út af útgáfufélagi Alþjóða verslunarráðsins, ICC Publishing. Bóksalan hefur öðlast nýja vefsíðu sem gerir félögum auðvelt að skoða þá titla sem í boði eru og að panta bækur með einföldum tölvupósti.

## Alþjóðlegt samstarf

Verslunarráð víða um heim eru afar vel tengd sín á milli. Hvað snertir Verslunarráð Íslands er það einkum norrænt samstarf og samstarf í gegnum Evrópuverslunarráðið sem helst ber á. Fulltrúar norræna verslunarráða hittast árlega til að bera saman bækur sínar. Evrópuverslunarráðið var upphaflega stofnað í því skyni að gæta hagsmuna verslunarráða gagnvart stofnunum Evrópusambandsins. Í dag heldur það úti mikilli starfsemi í því skyni að koma á framfæri málafnum verslunarráða í Evrópu.

## Verzlunarskóli Íslands



Skólanefnd Verzlunarskóla Íslands. Árni Hermannsson, Gunnar Helgi Hálfðanarson, Þorvarður Gunnarsson, Friðþjófur Ó. Johnson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Hilmar Baldursson.

**S**kólanefnd hefur markað þá stefnu að Verzlunarskólinn skuli vera orðinn leiðandi í fjarkennslu og símenntun á 100 ára afmæli sínu árið 2005.

Markviss undirbúningur að fjarnámshjónustu stóð yfir á árinu 2003. Tæknilega fullkomið netkerfi hefur verið sett upp og þar er verið að byggja upp náms efni til verslunarprófs. Allri uppbyggingu náms efnis hefur verið þannig hátt að að það nýttist einnig kennurum og nemendum í dagskólanum. Á vorönn 2004 mun allri námsefnisgerð fyrsta árs nemenda ljúka og undirbúningur að gerð námsefnis annars árs er þegar hafinn. Fyrstu nemendur í fjarnámi verða innritaðir á yfirstandandi önn.

### Nýbyggingar

Verzlunarskólinn tók í notkun nýja viðbyggingu á síðasta ári með 20 kennslustofum og tveimur fyrirlestrasölum. Það húsnæði verður nýtt til þess að auka verulega framboð skólans á fullorðinsfræðslu og símenntun vinnandi fólks. Litið er til vaxandi vitundar vinnuveitenda og starfsfólks um gildi menntunar þekkingar innan fyrirtækja. Skólinn mun leggja mikla áherslu á bestu þjónustu við viðskiptavinum sína og

byggja hana á námsumhverfi sem á sér ekki hliðstæðu á Íslandi í dag.

Skólinn mun bjóða öllum nemendum upp á netþjónustu hvort sem nemandi er innritaður í hinn hefðbundna dagskóla, fjarnám eða fullorðinsfræðslu. Allir nemendur munu hafa aðgang að þjónustuborði skólans og námskerfi.

Þjónustuborðinu er ætlað að leysa úr öllum helstu fyrirspurnum nemenda eða beina þeim rétta leið. Nemendur í fjarnámi stunda nám sitt með aðstoð sérstaks námsstjórnunarkerfis. Þar leysa þeir verkefni sín, gangast undir gagnvirk próf og hafa samskipti við aðra nemendur. Nemendur í hefðbundnum dagskóla eða öðru staðbundnu námi njóta einnig góðs af námskerfinu og geta nýtt það sem stöðtæki við nám sitt. Nemendur nýta sér námsefni fjarnáms til hjálfunar til upprifjunar fyrir og eftir skólatíma auk þess sem þar verður opinn aðgangur að öllum æfingum og sjálfsprófum. Þannig mun skólinn bjóða upp á fræðslu og námsefni óháð stað og stund.

Skólinn mun í markaðssetningu leggja mikla áherslu á íslenskt námsumhverfi og hefur lagt verulega fjármuni í samstarf við bandaríska/kanadíska framleiðanda. Þetta átak hefur nú nýlega leitt til þess að í undirbúningi er náið samstarf milli VÍ og annarra framhaldsskóla

um gerð námsefnis, námstillhögun og námsframboð.

Fjarnám mun formlega hefjast við skólann haustið 2004. Í markaðssetningu mun skólinn leggja áherslu á íslenskt námsumhverfi, vandað tilreitt námsefni, samstarf við aðra skóla og góða þjónustu. Skólinn mun einnig bjóða upp á þá nýbreytni að nemendur geti valið á milli sjálfsnáms og náms með aðstoð kennara.

### Símenntun

Á sviði símenntunar og fullorðinsfræðslu verður í fyrstu horft til stærri fyrirtækja og samtaka. Þar mun skólinn bjóða sérhæft nám og viðhald þekkingar eftir að staðbundnu námi lýkur. Þetta atriði getur orðið vinnuveitendum mikilvægt til að koma í veg fyrir að þekking sem starfsmenn hafa aflað sé kulni út.

Fyrirtækjum með þörf fyrir sérhæfða menntun og hjálfun verður boðin aðstoð við að gera námsefni sem fella má að námsumhverfi skólans. Verzlunarskólinn mun leita eftir að gera langtímasamninga við viðskiptavinum sína um slíka starfsmannamenntun og getur væntanlega boðið félögum Verslunarráðs þá þjónustu innan skamms. Skólastjóri Verzlunarskólans er Þorvarður Elíasson.

## Háskólinn í Reykjavík 2002–2003

Skólaárið 2003–2004 er hið sjötta í sögu Háskólans í Reykjavík (HR). Hlutverk skólans er að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með nýsköpun, tækniþróun og alþjóðasamskipti að leiðarljósi. Þegar starfsemi skólans hófst árið 1998 voru þrjú hundruð nemendur við tvær deildir skólans: tölvunarfræðideild og viðskiptadeild. Á þeim tíma sem liðinn er hefur fjöldi nemenda ríflega fjórfaldast og fjölbreytni námsúrvals aukist til muna. Nemendur við HR eru nú 1400 talsins og starfsmenn rúmlega 100. Guðfinna S. Bjarnadóttir er rektor skólans.

meistaránám. Haustið 2002 hófst starfsemi lagadeildar HR en þar er í boði þriggja ára nám til BA prófs auk tveggja ára ML náms.

### Nýjar námsleiðir

Frá og með haustinu 2003 býður tölvunarfræðideild HR tveggja ára meistaránám. Viðskiptadeild hóf á sama tíma að bjóða nám til doktorsgráðu í samvinnu við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn. Þá er í undirbúningi innan viðskiptadeildar að setja á laggirnar meistaránám í fjármálum næsta haust í sam-

að gera þá að árlegum viðburði í starfi HR. Niðurstöður janúarfunda rektors með öllum stúdentum og starfsmönnum skólans knýja áfram gæðastarf skólans.

Í janúar 2003 var haldin lokahátíð Auðar í krafti kvenna átaksins sem staðið hafði í þrjú ár. HR sá um framkvæmd Auðarverkefnisins sem stutt var af Nýsköpunarsjóði (NSA), Íslandsbanka, Morgunblaðinu og Deloitte. Lokahátíðin var haldin við fjölmenni í Borgarleikhúsinu auk þess sem sérstöku Auðarblaði var dreift með Morgunblaðinu. Þátttakendur í Auðarverkefninu voru þúsundir kvenna og stúlkna um allt land. Þátttakendur í einu af verkefnum Auðar, FrumkvöðlaAuði, stofnuðu á því þriggja ára tímabili sem átakið stóð 51 fyrirtæki og sköpuðu 217 störf.

Í upphafi sumars 2003 lauk ráðgjafarfyrirtækið KPMG úttekt sinni á HR, en fyrirtækið hafði verið ráðið til þess af menntamálaráðuneytinu að gera úttekt á rekstri og stjórnun skólans. HR fékk góðan vitnisburð frá ráðgjafarfyrirtækinu. Í samantekt segir m.a. að skipulag skólans sé fastmótað og skilvirkt og að rekstur HR sé í góðu horfi og í samræmi við markmið sem almennt gilda um rekstur sjálfseignastofnana. Þá segir að eftirlit háskólaráðs sé virkt og að skólinn hafi reynst megnugur að bregðast með árangursríkum hætti við breytingum í rekstrarumhverfi. Kostnaðarvitund sé almennt meðal stjórnenda og starfsmanna.

Góðan feng rak á fjörur HR í maí þegar hinn nafntogaði Jack Welch, fyrrum forstjóri General Electric, kom í heimsókn til landsins á vegum Kaupþings og Baugs. HR fékk tækifæri til þess að bjóða starfsfólki, MBA nemum og velunnurum til fundar við Welch í húsakynnum skólans og er óhætt að segja að sú dagsund hafi verið öllum viðstöddum eftirminnileg.



Úr kennslustund.

### Námsúrval

Tölvunarfræðideild og viðskiptadeild HR bjóða báðar sem fyrr þriggja ára BS nám auk styttri námsleiða. Þá hefur viðskiptadeild frá ársbyrjun 2001 boðið upp á MBA nám í samvinnu við úrval erlendra háskóla og geta nemendur nú valið þar um mismunandi námsbrautir. Í tölvunarfræðideild hefur frá haustinu 2003 verið boðið upp á rannsóknartengt

starfi við Boston University og í alþjóðaviðskiptum í samstarfi við leiðandi viðskiptaháskóla í Evrópu.

### Eftirminnilegir atburðir

Í upphafi árs 2003 skipulagði rektor fundi með öllum stúdentum skólans sem þannig fengu tækifæri til þess að taka þátt í framtíðarmótun skólastarfsins. Fundirnir tókust svo vel að ákveðið var

### Nýir styrkir og Bandamenn

Í maí síðastliðnum afhenti Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka Háskólanum í Reykjavík, fyrsta styrkinn úr menntasjóði bankans, samtals 10 milljónir króna. Styrknum skal varið til kennslu í fjármálafræðum á næstu tveimur árum. Markmiðið er að Háskólinn í Reykjavík geti fengið til landsins



Frá útskrift námskeiðsins „Nýjar leiðir í einkarekstri“ sem Háskólinn í Reykjavík hélt í samstarfi við Verslunarráð Íslands

færustu fræðimenn á þessu sviði, einn eða fleiri, um lengri eða skemmri tíma til kennslu við skólann. “

Í byrjun september var fimm ára setningarárfræðingur skólans fagnað við hátíðlega athöfn í Salnum í Kópavogi. Við það tækifæri skrifuðu sjö nýir Bandamenn undir samninga við skólann. Samningarnir eru til tveggja ára og fela í sér stuðning frá hverju fyrirtækjanna sjö upp á 6 milljónir króna. Samtals nemur styrkurinn því 42 milljónum króna á tveggja ára tímabili og verður honum fyrst og fremst varið til þess að efla rannsóknir og nýsköpun við skólann. Bandamannafyrirtæki HR eru Íslandsbanki, Sjóvá-Almennar, Orkuveita Reykjavíkur, Skeljungur, VÍS, Eimskipafélagið og Síminn.

### Gróska í alþjóðlegu samstarfi, stjórnendabjálfun og rannsóknarstarfi

Háskólinn í Reykjavík er í viðamiklu alþjóðlegu samstarfi og rannsóknarstarfsemi skólans er í miklum vexti. Fjöldi skiptinema og erlendra gestaprófessora

við HR eykst stöðugt. Í MBA náminu og í Stjórnendaskóla HR eru erlendir gestaprófessorar frá virtustu viðskiptaháskólum heims, þar á meðal Columbia University, Boston University, Richard Ivey, IMD, INSEAD, IESE, CBS og mörgum fleiri. Þá er skólinn í fararbroddi við að bjóða háskólanám með vinnu þar sem einstaklingum í atvinnulífinu gefst tækifæri til að stunda fullgilt háskólanám samhliða vinnu, en bæði viðskiptadeild og tölvunarfræðideild hafa boðið þessa námsleið við miklar vinsældir. Síðastliðið haust varð sú skipulagsbreyting að Stjórnendaskóli HR, sem áður var sjálfstæð deild, var fluttur undir hatt viðskiptadeildar. Stjórnendaskólinn gegnir æ veigameira hlutverki í því að bjóða fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnulífinu þekkingarlausnir sem taka mið af því sem best þekkt og sést það best á þeim vaxandi fjölda fyrirtækja sem þar eru viðskiptavinir skólans. Í tengslum við fyrrnefnda skipulagsbreytingu var búin til ný staða framkvæmdastjóra HR sem hefur m.a. stjórn alla stoðsviða skólans á sinni hendi.

Alls eru starfræktar 5 rannsóknar-

stofnanir við HR. Fyrir 2 árum hófst starfsemi Netseturs HR sem stýrt er af Dr. Gísla Hjálmtýssyni, forseta tölvunarfræðideildar. Netsetrið hefur á undanförunum árum fengið umtalsverða styrki úr innlendum og erlendum samkeppnis-sjóðum. Þá er einnig starfrækt innan tölvunarfræðideildar svokallað Gagnasetur undir umsjón Dr. Björns Þórs Jónssonar. Stúdentar sem unnið hafa undir stjórn Dr. Björns Þórs unnu nýverið til Nýsköpunarverðlauna Forseta Íslands og setrið er í erlendu samstarfi. Þá hefur í nokkur misseri verið rekin Evrópuréttarstofnun HR undir forystu Einars Páls Tamimi. Stofnunin hefur staðið fyrir ráðstefnum og kynningu á Evrópumálum. Á haustmánuðum voru tvær nýjar rannsóknarstofnanir settar á laggirnar innan skólans. Rannsóknarstofnun í Auðlindarétti undir stjórn Davíðs Þórs Björgvinssonar prófessors var stofnuð innan lagadeildar og í viðskiptadeild var stofnuð Rannsóknarstofnun í nýsköpun og frumkvöðlafræðum undir stjórn Dr. Rögnvalds J. Sæmundssonar, lektors.

## Rekstrareikningur ársins 2003

	2003	2002
<b>Rekstrartekjur</b>		
Tekjur rekstrarsjóðs		
Árgjöld .....	41.493.613	36.774.969
Aðrar tekjur .....	8.657.882	11.988.333
Tekjur Hússjóðs .....	<u>10.729.730</u>	<u>10.621.054</u>
	60.881.225	59.384.357
 <b>Rekstrargjöld</b>		
Gjöld Rekstrarsjóðs		
Laun og launatengd gjöld	36.547.241	33.905.436
Annar rekstrarkostnaður .....	19.191.465	20.480.328
Gjöld Hússjóðs .....	5.964.278	5.704.118
Gjöld Sjóðs Friðu Proppé og P. Stefánssonar .....	275.799	278.795
Afskrifaðar tapaðar kröfur vegna ATA .....	<u>1.487.000</u>	<u>0</u>
	63.465.783	60.368.676
 <b>Rekstrartap</b>	 (2.584.558)	 (984.319)
 <b>Fjármunatekjur</b>		
Rekstrarsjóður	115.409	142.993
Hússjóður .....	3.743.102	1.348.977
Sjóður Friðu Proppé og P. Stefánssonar .....	925.936	663.377
Réttarverndarsjóður .....	<u>35.477</u>	<u>57.660</u>
	4.819.923	2.213.009
 <b>Hagnaður ársins</b>	 <u>2.235.365</u>	 <u>1.228.689</u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eignir	2003	2002
<b>Hús- og rekstrarsjóður</b>		
<b>Fastafjármunir</b>		
Varanlegir rekstarfjármunir:		
Hús Verslunarinnar	54.064.984	55.416.609
Hús Verslunarinnar, innréttingar	14.952.494	16.459.102
Bifreið	3.068.000	3.448.746
	<u>72.085.478</u>	<u>75.324.457</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutir í öðrum félögum	1.010.137	1.010.137
Verðbréf	28.083.979	24.117.012
	<u>29.094.116</u>	<u>25.127.149</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>101.179.594</b>	<b>100.451.606</b>
<b>Veltufjármunir</b>		
Óinnheimt árgjöld	973.319	1.425.696
Viðskiptakröfur	3.294.567	5.865.591
Ýmsar skammtímakröfur	733.236	0
Óbundnar bankainnistæður	8.434.825	6.121.358
	<u>13.435.946</u>	<u>13.412.645</u>
<b>Hús- og rekstrarsjóður samtals</b>	<b><u>114.615.541</u></b>	<b><u>113.864.251</u></b>
<b>Sjóður Friðu Proppé og P. Stefánssonar</b>		
<b>Fastafjármunir</b>		
Verðbréf	9.312.675	8.610.585
<b>Veltufjármunir</b>		
Óbundnar bankainnistæður	25.504	76.671
<b>Sjóður Friðu Proppé og P. Stefánssonar samtals</b>	<b><u>9.338.179</u></b>	<b><u>8.687.256</u></b>
<b>Réttarverndarsjóður</b>		
<b>Veltufjármunir</b>		
Óbundnar bankainnistæður	863.866	828.389
<b>Réttarverndarsjóður samtals</b>	<b><u>863.866</u></b>	<b><u>828.389</u></b>
<b>Eignir samtals</b>	<b><u>124.817.587</u></b>	<b><u>123.379.897</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eigið fé og skuldir	2003	2002
.....		
<b>Hús- og rekstrarsjóður</b>		
.....		
<b>Eigið fé</b>		
Varasjóður	103.625.436	102.075.684
<b>Langtímaskuldir</b>		
Verðtryggð lán	4.438.408	5.382.996
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir	1.765.958	1.465.958
Ýmis ógreidd rekstrarútgjöld	3.627.060	3.772.953
Áfallnir vextir	34.439	39.692
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	<u>1.124.240</u>	<u>1.126.968</u>
	6.551.697	6.405.571
<b>Skuldir samtals</b>	10.990.105	11.788.567
<b>Hús- og rekstrarsjóður samtals</b>	<u>114.615.541</u>	<u>113.864.251</u>
 <b>Sjóður Friðu Proppé og P. Stefánssonar</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Varasjóður	9.323.526	8.673.389
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Ýmsar skammtímaskuldir	14.654	13.868
<b>Sjóður Friðu Proppé og P. Stefánssonar samtals</b>	<u>9.338.180</u>	<u>8.687.257</u>
 <b>Réttarverndarsjóður</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Varasjóður	863.866	828.389
<b>Réttarverndarsjóður samtals</b>	<u>863.866</u>	<u>828.389</u>
 <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>124.817.587</u>	<u>123.379.897</u>



